

FUNDARBOÐ

225. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn í Hjálmakletti, miðvikudaginn 13. apríl 2022 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra.

2. 2204010 - Ársreikningur 2021

Afgreiðsla 594. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar:

Á árinu 2021 voru gerðir fimm viðaukar við fjárhagsáætlun þar sem brugðist var við þeim verkefnum sem koma upp eftir að upphafleg áætlun var samþykkt. Þar er bæði um að ræða breytingar á rekstri og fjárfestingum og var því mætt með lántöku og breytingu á eigin fé en tekjur sveitarfélagsins voru nokkuð hærri en áætluð voru. Miklar breytingar þurfti að gera í húsnæðismálum á árinu vegna rakaskemmda og óheilsusamlegs umhverfis auk þess sem launagjöld voru vanáætluð í launaáætlun. Útgjöld sveitarfélagsins voru því mun hærri en upphaflega var áætlað og var áætluð rekstrarniðurstaða við samþykki síðasta viðaukans áætluð neikvæð um 22 millj. kr. Skatttekjur eru um 130 millj. kr. meiri en áætlun gerði ráð fyrir, þar af eru um 87 millj. kr. framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og 61 millj. kr. vegna hærri útsvarstekna. Þegar tekið er tillit til viðauka var launakostnaður sveitarfélagsins og rekstrarkostnaður innan áætlana. Heildar launakostnaður var 2.830 millj. kr. og annar rekstrarkostnaður 1.590 millj. kr. Fjárfestingar ársins voru 502 millj. kr. en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir að þær yrðu 612 millj. kr. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir 339 millj. kr. í fjárfestingar. Ljósleiðaraverkefnið mun klárast á árinu 2022 en gert var ráð fyrir 68 millj. kr. kostnaði á árinu 2021, sem endaði í 9 millj. kr. að teknu tilliti til styrkja, kostnaður við leik- og grunnskólahúsnæði var samtals 67 millj. kr. minna en áætlað var í fjárfestingaráætlun með viðauka. Rekstrarniðurstaða ársins fyrir samstæðu A og B hluta er neikvæð um 89,8 millj. kr. sem er 67,7 millj. kr. verri afkoma en ráð var fyrir gert í fjárhagsáætlun með viðaukum. Verri afkoma miðað við fjárhagsáætlun skýrist fyrst og fremst af því að hækkun lífeyrisskuldbindinga er meiri en reiknað var með vegna þess að reglur um útreikninga breyttust í lok árs og hafa þessi áhrif á reksturinn. Í áætlun var gert ráð fyrir lífeyrisskuldbindingar yrði 80 millj. kr. en hækkuðu um 194 millj. kr. og voru samtals 274 millj. kr. Veltufé frá rekstri er 528 millj. kr. eða 10,8 % af tekjum. Eigið fé í árslok er 4.523 millj. kr. og eiginfjárlutfallið er 45,3%. Skuldaviðmið er 59%. Byggðarráð telur ánægjulegt hver niðurstaða ársreikningsins er þrátt fyrir ófyrirséða aukningu lífeyrisskuldbindinga sveitarfélagsins sem komu til rétt fyrir áramót 2021-2022 vegna reglugerðarbreytingar sem gerð var í desembermánuði.

Reglugerðarbreytingin felur í sér breyttar reiknireglur sem tengjast hækkandi lífaldri þjóðarinnar og fleiri þáttum. Byggðarráð vísar ársreikningnum til fyrri umræðu í

sveitarstjórn sem fer fram þann 7. apríl n.k.

3. 2102065 - Leigusamningur við Raftana - bifhjólafélag Borgarfjarðar

Afgreiðsla 592. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: "Byggðarráð samþykkir framlagðan leigusamning við Raftana - Bifhjólafélag Borgarfjarðar um leigu á hluta húsnæðis sveitarfélagsins í Þinghamri, dags. 17. mars 2022, og vísar til staðfestingar hjá sveitarstjórn."

4. 2201036 - Gæðahandbók

Afgreiðsla 593. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: "Íris Gunnarsdóttir, gæða- og mannaússtjóri mætir til fundarins og kynnir framlögð drög að fyrstu útgáfu gæðahandbókar fyrir starfsemi sveitarfélagsins. Byggðarráð fagnar þeirri vinnu sem lögð hefur verið í gæðahandbók sveitarfélagsins, en í fyrstu útgáfu gæðahandbókarinnar eru 47 samtals sem gerðir eru fyrir ráðhús Borgarbyggðar. Verkferlar eru samþykktir af framkvæmdaráði sveitarfélagsins sem skipa sveitarstjóra og sviðsstjóra. Einstaka verkferlar eru lagðir fyrir byggðaráð til samþykktar, þar sem um stærri málefni er að ræða og verkferlar sem teljast lögbundnir. Þegar hefur byggðarráð samþykkt að fara eftir verkferli um framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins. Byggðarráð samþykkir framlögð drög að gæðastefnu Borgarbyggðar sem hefur þann tilgang að setja fram áherslur sveitarfélagsins í gæðamálum og vera leiðarvísir starfsfólks í að tryggja að gæði og þjónusta séu í samræmi við væntingar starfsmanna og íbúa sveitarfélagsins. Enn fremur samþykkir byggðarráð framlögð drög að verklagsreglum vegna viðauka fjárhagsáætlunar, sem er ætlað að stuðla að samræmdum vinnubrögðum við gerð viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins."

5. 2102057 - Öryggismál í biðskýlum

Afgreiðsla 594. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: "Byggðarráð samþykkir framlögð drög og felur sveitarstjóra að rita undir samninginn með fyrirvara um samþykkt sveitarstjórnar."

6. 2204005 - Kjörstjórnir fyrir sveitarstjórnarkosningar 2022

Afgreiðsla 594. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: Ný kosningalög nr. 112/2021 hafa verið sett og eru sveitarstjórnarkosningarnar 2022 fyrstu kosningarnar sem farið er eftir lögnum. Í 18. gr. kosningalaga er kveðið á um hæfi kjörstjórnarmanna, en þar segir að kjörstjórnarmaður skuli víkja úr kjörstjórn ef einstaklingur er í kjöri sem er eða hefur verið maki hans, sambúðarmaki, fyrrverandi sambúðarmaki eða skyldur eða mægður honum í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti vegna ættleiðingar. Vegna framangreindrar hæfisreglu, vegna flutninga úr sveitarfélaginu og beiðni um úrlausn úr undirkjörstjórn skal sveitarstjórn kjósa 13 aðila inn í kjörstjórn, ýmist vara- eða aðalfulltrúa. Sveitarstjóra er falið að auglýsa eftir kjörstjórnarmönnum sem ekki eru vanhæfir vegna reglunnar.

7. 2106079 - Vatnsveita Hraunhrepps

Afgreiðsla 594. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: "Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkja hlut sveitarfélagsins í viðhaldi á vatnsveitu Hraunahrepps og felur sveitarstjóra að bæta kostnaði upp að 1.030 þús. kr. við viðauka II við fjárhagsáætlun 2022."

8. 2203010 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2022

Lögð fram tillaga að viðauka II við fjárhagsáætlun ársins 2022.

9. 2109113 - Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi

Afgreiðsla Umhverfis- og landbúnaðarnefndar, fundur 32, 17. mars 2022: "Umhverfis-og landbúnaðarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða tillögu að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2022-2033."

10. 1709034 - Sérstakur húsnæðisstuðningur

Afgreiðsla 125. fundar velferðarnefndar Borgarbyggðar:

Velferðanefnd leggur til eftifarandi breytingar á reglum um stuðning í húsnæðismálum í Borgarbyggð: Lögð er fram tillaga að breytingu á 2. mg. 9. greinar sem hljóðar svo fyrir breytingu: Húsnæðisbætur og sérstakar húsaleigubætur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals kr. 75.000,- og aldrei farið yfir 75% af leigufjárhæð. Sérstökum húsaleigubótum verður ekki beitt til að greiða niður húsaleigu umfram það viðmið að leigjandi beri kr. 45.000 í kostnað af húsaleigu. Lagt er til að breyta hámarksupphæð samanlagra bóta í 80.000 og að sérstökum húsaleigubótum verði ekki beitt til að greiða niður húsaleigu umfram það viðmið að leigjandi beri kr. 50.000 í kostnað af húsaleigu. Lögð er til breyting á grein 11. um afgreiðslu umsókna sem hljóðaði svo fyrir breytingu: Starfsmenn afgreiða umsóknir um sérstakar húsaleigubætur og stuðning vegna 15 -17 ára leigjenda á heimavistum/námsgörðum. Velferðarnefnd afgreiðir umsóknir um aðstoð vegna fyrirframgreiðslu/tryggingar. Lagt til að greinin hljóði svo: Starfsmenn velferðarnefndar afgreiða umsóknir samkvæmt reglum þessum. Lögð er til breyting á 14. gr. um endurskoðun á tekju -og eignaviðmiðum sem hljóðaði svo fyrir breytingu: Reglur þessar skulu endurskoðaðar í desember ár hvert. Lagt er til að greinin hljóði svo: Tekju- og eignaviðmið uppfærast skv. útgefnum viðmiðum ráðherra. Breytingarnar taka gildi 1. maí 2022.

11. 1810002 - Félagslegt leiguhúsnæði

Afgreiðsla 125. fundar velferðarnefndar Borgarbyggðar:

Velferðarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða tillögu félagsmálastjóra um að hækka leigu á félagslegum íbúðum Borgarbyggðar. Velferðarnefnd samþykkir að leiguverð á fermetar á íbúðum í Borgarnesi verði skipt mismunandi eftir fjölda herbergja. Þannig að leiga á fermeter í 1 herbergja íbúð verði kr. 1.800, 2 herbergja íbúð kr. 1.700,-, 3 herbergja íbúð kr. 1.600,- og 4 herbergja íbúð kr. 1.500,-. Enn fremur samþykkir velferðarnefnd að leiguverð á fasteignum í Borgarbyggð utan Borgarness verði 80% af fermetraverði í Borgarnesi. Velferðarnefnd leggur til við sveitarstjórn að hækkunin taki gildi 1. maí 2022 vegna nýrra leigusamninga, en hjá núverandi leigjendum 1. júní 2023. Velferðarnefnd felur félagsmálastjóra að segja upp öllum leigusamningum sveitarfélagsins og bjóða leigjendum nýjan samning, samþykki sveitarstjórn framlagða tillögu.

12. 2110012 - Hvanneyri - Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis

Afgreiðsla 36. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja fyrirliggjandi tillögu samkvæmt 42.gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna sem bárust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum."

13. 2202001 - Munaðarnes 134915 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 36. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir nágrönnum og hagsmunaaðilum í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynnt verði fyrir landeigendum Stóru-Grafarlands og félögunum Orlofssjóður Sameykis, Kjölur stéttarf starsem almpjón, BSRB, Orlofssjóður LSS, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Tollvarðafélag Íslands, Starfsmannafélag Suðurnesja, Póstmannafélag Íslands, Starfsmannafélag Fjallabyggðar, Starfsmannafélag Dala/Snællsn, Sjúkraliðafélag Íslands og Landssamband lögreglumanna."

14. 2201140 - Bær 2 133830 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 36. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir nágrönnum og hagsmunaaðilum í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynnt verði fyrir eftirfarandi landeigendum: Bær 1, Nýi-Bær 2, Litli Bær, Laugateigur, Laugateigur 1 og 2 og Laugabær."

15. 1411002 - Viðines - Aðalskipulagsbreyting, lýsing

Afgreiðsla 37. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja ofangreinda lýsingu fyrir Viðines í landi Hreðavatns til auglýsingar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

16. 2203114 - Norðtungu L134742 - Stofnun lóða - Skógarbót - Gömluhús

Afgreiðsla 37. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila stofnun lóðanna Skógarbót 19,98 ha og Gömluhús 5,84 ha úr landinu Norðtungu L134742. Lóðirnar verða settar í landnotkunnarflokkinn Annað land."

Fundargerð

17. 2203007F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 591

- 17.1 2111008 - Reglur Borgarbyggðar um skólaakstur í grunnskóla
- 17.2 2203134 - Kaup á landskika af Borgarbyggð - Búrfell, fjallendi
- 17.3 2203127 - Forkaupsréttur - Borgarbraut 9-13
- 17.4 2203126 - Innkaup á mannskapsbílum fyrir Slökkvilið Borgarbyggðar
- 17.5 2103134 - Erindi frá GBF - Vindmælingar
- 17.6 2203081 - Reynsla og viðhorf kjörinna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórnnum á Íslandi_skýrsla
- 17.7 2203085 - Samningur um ræstingu leikskólans Uglukletts
- 17.8 2202221 - Tenging nýbyggingar við að-og fráveitu, Fitjum 2.
- 17.9 2203011 - Flóttafólk frá Úkraínu
- 17.10 2203102 - Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands 2022
- 17.11 2203074 - Aðalfundur Veidifélags Langár 2. apríl 2022
- 17.12 2203123 - Breytingar á sveitarstjórnarlögum - samráðsgátt
- 17.13 2203073 - Aðalfundur Veidifélags Gljúfurár 2022

- 17.14 2201097 - Umsagnarmál f. Alþingi 2022
- 17.15 2201097 - Umsagnarmál f. Alþingi 2022
- 17.16 2201097 - Umsagnarmál f. Alþingi 2022
- 17.17 2201097 - Umsagnarmál f. Alþingi 2022
- 17.18 2203069 - Fundargerðir Orkuveitu Reykjavíkur 2022
- 17.19 2106113 - Fundargerðir Orkuveitu Reykjavíkur 2021

18. 2203012F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 592

- 18.1 2201118 - Útboð á skólaakstri 2022
- 18.2 2106030 - Endurskoðun á samstarfssamningi Borgarbyggðar og UMSB
- 18.3 2203011 - Flóttafólk frá Úkraínu
- 18.4 2203081 - Reynsla og viðhorf kjörinna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórnunum á Íslandi_skýrsla
- 18.5 2102065 - Lokun starfsemi að Brákarbraut 25-27 - Brákarey
- 18.6 2203162 - Lokun heimasímatengingar í Hítardal
- 18.7 2203168 - Starfsmannakönnun - ráðhús 2022
- 18.8 2203150 - Upplýsingapóstur frá innviðaráðuneyti til kjörinna fulltrúa
- 18.9 2203110 - Sjálfseignarstofnun um Nýsköpunarnet Vesturlands
- 18.10 2203169 - Nýsköpunar- og þróunarsetur Vesturlands, boð um stofnaðild
- 18.11 2202151 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - fundargerðir 2022
- 18.12 2202151 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands - fundargerðir 2022
- 18.13 2202213 - Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands 16. mars 2022

19. 2203016F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 593

- 19.1 2203257 - Samanburður við fjárhagsáætlun 2022
- 19.2 2201118 - Útboð á skólaakstri 2022
- 19.3 2201036 - Gæðahandbók
- 19.4 1809137 - Grímshús - samningur við MMG
- 19.5 2012111 - Skorradalshreppur - samningar
- 19.6 2001118 - Ljósleiðari í Borgarbyggð - framkvæmdir
- 19.7 2103044 - Stjórnsýsla í Borgarbyggð - tilkynning um kvörtun
- 19.8 2011007 - Reiðhöllin Faxaborg - umsókn um styrk
- 19.9 2104194 - Sundlaugar í Borgarbyggð - opnunartími fyrir 2021
- 19.10 2203242 - Vatnsveitur í Borgarbyggð
- 19.11 2103073 - Erindi varðandi gangnamannaskála á Vatnaleið
- 19.12 2203011 - Flóttafólk frá Úkraínu
- 19.13 2203250 - Starfshópur um kjör og starfsskilyrði sveitarstjórnarmanna
- 19.14 2202211 - Flatahverfi - framkvæmdir við drenlagnir- verðfyrirspurn
- 19.15 2111140 - Kæra v. niðurstöðu endurmats - Egilsgata 11 og 14
- 19.16 2203171 - Endurskipulagning sýslumannsembættis.

19.17 2203169 - Nýsköpunar- og þróunarsetur Vesturlands, boð um stofnaðild

20. 2204003F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 594

- 20.1 2106030 - Endurskoðun á samstarfsamningi Borgarbyggðar og UMSB
- 20.2 2204010 - Ársreikningur 2021
- 20.3 2106079 - Vatnsveita Hraunhrepps
- 20.4 2203010 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2022
- 20.5 2204005 - Kjörstjórnir fyrir sveitarstjórnarkosningar 2022
- 20.6 2203011 - Flóttafólk frá Úkraínu
- 20.7 2012005 - Innkaupareglur Borgarbyggðar
- 20.8 2012032 - Fyrirkomulag snjósmoksturs
- 20.9 2203162 - Lokun heimsímatengingar í Hítardal
- 20.10 2204013 - Starfsemi og fjármögnun Þróunarfélags Grundartanga
- 20.11 2102057 - Öryggismál í biðskýlum
- 20.12 2203248 - Skipun fulltrúa í stjórn Handverkssjóða FIB 2022
- 20.13 2203269 - Aðalfundur Veidifélags Álftár 9. apríl, 2022
- 20.14 2204006 - Breytingar á lagaákvæðum vegna tilfærslu fasteignaskrár frá Þjóðskrá til HMS í samráðsgátt
- 20.15 2202213 - Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands 16. mars 2022
- 20.16 1912083 - Samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Bjargslandi

21. 2203005F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 207

- 21.1 2203124 - Kynning frá Menntaskólanum í Borgarfjarðar, Skólaþróunarverkefni MB - Menntun fyrir störf framtíðar
- 21.2 2101082 - Skólastefna 2021-2025
- 21.3 2201118 - Útboð á skólaakstri 2022
- 21.4 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði
- 21.5 2110088 - Íþróttahús - Frumhönnun
- 21.6 2203040 - Fyrirlögn PISA 2022
- 21.7 2202209 - Orðsending frá mennta- og barnamálaráðherra - samræmd könnunarpróf 2022
- 21.8 2106030 - Endurskoðun á samstarfsamningi Borgarbyggðar og UMSB

22. 2203011F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 36

- 22.1 2110012 - Hvanneyri - Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis
- 22.2 2202085 - Deiliskipulag - Ný gata við Kveldúlfshöfða - íbúðarbyggð
- 22.3 2202219 - Stekkjarholt 1, Athugasemd við úthlutun lóðar.
- 22.4 2203146 - Deiliskipulag íbúðabyggðar að Varmalandi - Breyting á deiliskipulagi
- 22.5 2202001 - Munaðarnes 134915 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 22.6 2201140 - Bær 2 133830 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

- 22.7 2201155 - Hamarsland-hótel 200623 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 22.8 2202065 - Ásvegur 12 - ósk um stofnun lóðar

23. 2203019F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 37

- 23.1 1411002 - Víðines - Aðalskipulagsbreyting, lýsing
- 23.2 2203251 - Stekkjarholt í Borgarbyggð - Breyting á deiliskipulagi
- 23.3 2202054 - Brákarsund 7 - Breyting deiliskipulags - fyrirspurn
- 23.4 2109181 - Vallarás - Breyting á deiliskipulagi
- 23.5 1903005 - Sólbakki athafnarsvæði, breyting á Deiliskipulagi
- 23.6 2202212 - Jarðlangsstaðir L135058 - Vegagerð í frístundabyggð - Framkvæmdaleyfi
- 23.7 2203114 - Norðtungu L134742 - Stofnun lóða - Skógarbót - Gömluhús
- 23.8 2203264 - Sólbakki 23 L187479 - Lóðarumsókn
- 23.9 2112095 - Melabraut 2a - Umsókn - Gatnagerðargjöld
- 23.10 2202011 - Skógarvegur 3 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 23.11 2203165 - Fjóluklettur 22 L215402 - Grenndarkynning deiliskipulagsbreytingar
- 23.12 2203006F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 190
- 23.13 2203020F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 191

24. 2203017F - Atvinnu - markaðs - og menningarmálanefnd - 34

- 24.1 2112089 - Skýrsla samskiptastjóra
- 24.2 2202171 - Áningarstaður á Merkjahrygg á Bröttubrekku
- 24.3 2203111 - Kortavefsjá - Tímaflakk - Gamlar loftmyndir
- 24.4 2202196 - Markaðsmál 2022
- 24.5 2101128 - Skilti og aðkoma í Borgarbyggð

25. 2204002F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 125

- 25.1 1810002 - Félagslegt leiguhúsnæði
- 25.3 1912081 - Aldan framtíðarsýn - starfshópur
- 25.4 2005194 - Stefna í málefnum fatlaðra
- 25.5 1907031 - Jafnréttisáætlun
- 25.6 1709034 - Sérstakur húsnæðisstuðningur
- 25.7 2111212 - Brákarhlíð akstursþjónusta
- 25.8 2203011 - Flóttafólk frá Úkraínu

26. 2203002F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 32

- 26.1 2111023 - Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis
- 26.2 2203121 - Umsókn um styrkvegi 2022
- 26.3 2109113 - Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi

- 26.4 2202155 - Beiðni um umsögn vegna skeldýraræktunar
- 26.5 2203122 - Deild umhverfis- og framkvæmda skýrsla mars 2022

13.04.2022

Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri.